

Kennsluáætlun

ER LALLI HEIMA?

NEMENDAHÓPUR:
12-16 ára

TÍMALENGD:
40 min - 1 klst.

KENNSLUMARKMIÐ

- Að vekja nemendur til umhugsunar um hvað þeir aðhafast á netinu
- Að nemendur velti fyrir sér hvort þeir séu óhræddari við að gera hluti á netinu heldur en í hinu daglega lífi.
- Að nemendur geri sér grein fyrir atriðum sem tryggja ánægjulega og örugga netnotkun.

KENNSLUPUNKTAR OG KENNSLUEFNI

Þessi kennslustund á að vekja nemendur til umhugsunar um hvað þeir aðhafast á netinu, hvaða síður þeir heim-sækja, hverja þeir eiga samskipti við og hvernig þeir koma fram.

Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert .

Allt sem við gerum og segjum á gagnvirkum netsíðum endurspeglar hver við erum. Þó aðrir þekki okkur ekki vitum við alltaf sjálf hver við erum. Stundum veljum við að koma fram á netinu undir dulnefni eða nafnlaust. Það getur stundum verið nauðsynlegt og skemmtilegt, en við getum ekki verið nafnlaus eða undir dulnefni gagnvart okkur sjálfum. Þess vegna viljum við vera sátt við allt sem við gerum, hvort sem það er á netinu eða í hinu daglega lífi og geta litið í eigin barm án þess að líða illa.

VEFSLÓÐ MEÐ MYNDSKEIÐI

Á þessari síðu eru upplýsingar um netorðin 5 og myndin „Er Lalli heima“ eða „Klick Safe“. Hún sýnir hverjir gætu komið í heimsókn ef það sem við erum að gera á netinu kæmi í heimsókn.
<http://www.saft.is/oruggnetnotkun/netordinfimm/>

Skilaboðin: Í daglegu lífi gætir þú að því hvað þú gerir, gerðu það líka á netinu.

Orð: Netvinir, tölvuleikir, netsíður.

UNDIRBÚNINGUR

Ræddu við nemendur um hvernig þeir haga sér á netinu og að almennar umgengisreglur eigi jafnt við á netinu sem og í daglegu lífi.

SPURNINGAR

Skiptu upp í hópa og láttu nemendur ræða saman um:

- Hvort þeir telji að sömu reglur gildi um siðferði á netinu og í hinu daglega lífi.
Af hverju, af hverju ekki?
- Hvað er hægt að gera ef einhver skrifar eitthvað um þig sem þú vilt ekki að hann segi frá?
- Eru bloggsíður orðnar fréttasíður?
Rökstyðja svarið.
- Hvernig er hægt að kenna siðferði á netinu?

VERKEFNI

Nemendur skrifi stutta ritgerð um hvernig heimili þeirra myndi líta út ef það sem þeir gera á netinu kæmi í heimsókn til þeirra (eins og Lalli lenti í).

